



Póst- og fjarskiptastofnun
b/t Friðriks Péturssonar
Suðurlandsbraut 4, 2.h,
108 Reykjavík

Reykjavík, 16. maí 2019

Efni: Sendingargjald á erlendar póstsendingar.

Með vísan til b. liðar, 4. gr. laga nr. 23/2019 upplýsir Íslandspóstur hf. Póst- og fjarskiptastofnun um gjald á erlendar póstsendingar.

Árið 2018 var tap af erlendum sendingum 925 milljónir kr. miðað við árgreiðsluaðferð við útreikning kostnaðar. Í afkomulíkani ársins 2018 sem sent hefur verið Póst- og fjarskiptastofnun í samræmi við ákvæði rg. nr. 313/2005 er að finna upplýsingar um kostnaðargrunn vegna þessara sendinga.

Þegar áætlað var hvert sendingargjaldið þyrfti að vera var tekið tillit til væntanlegrar magnmínkkunar vegna viðbótarinnar. Í skýrslu Copenhagen Economics um alþjónustubyrði pósthjónustu á Íslandi frá árinu 2018 er gert ráð fyrir að magn myndi dragast saman um 8 - 48%, mismikið á milli vöruflokka miðað við tiltekna hækkun á flutningskostnaði. M.v. þessar forsendur er gert ráð fyrir að tap sem dekkja þarf með gjaldinu sé um 540 milljónir kr. á ársgrundvelli.

Sendingargjaldinu verður skipt upp í tvo flokka, mun leggjast á allar sendingar sem bera aðflutningsgjöld og verða þannig:

- 1) Sendingar frá löndum innan Evrópu 400 kr
- 2) Sendingar frá löndum utan Evrópu. 600 kr.

Munur á gjaldi frá Evrópu og utan Evrópu endurspeglar meðaltalsmun á tekjum samkvæmt samningum um endastöðvartekjur frá þessum svæðum. Miðað við þessar forsendur er gert ráð fyrir að tekjuauki Íslandspósts vegna þess verði um 500 milljónir á ársgrundvelli.

Innheimta sendingargjaldsins mun hefjast 3. júní n.k. Það er ljóst að mikil óvissa ríkir um þann tekjuauka sem kann að verða vegna viðbótargjaldsins. Ekki eru til fordæmi frá öðum löndum um samskonar innheimtu viðbótargjalds og óvissa um hver áhrifin kunna að vera á magn, bæði til skamms og langs tíma. Í ljósi þess er nauðsynlegt að endurskoða kostnaðargrunn og verð þegar reynsla hefur komist á fyrirkomulagið og má gera ráð fyrir því

að slík endurskoðun fari fram að 6 – 12 mánuðum liðnum þegar í ljós hefur komið hvort og hversu mikil magnminnkun verður og hvernig tekjur og kostnaður hefur þróast.

Hafin verður kynning á gjaldinu fyrir viðskiptavinum á morgun föstudaginn 17. maí.

Virðingarfyllst,



Anna Katrín Halldórsdóttir,
Framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

SÚÐURLANDSBRAUT 4
108 REYKJAVÍK

SÍMI 510 1500 PÓSTUR PFS@PFS.IS
FAX 510 1509 VEFUR WWW.PFS.IS



Íslandspóstur ohf.
Helga Sigríður Böðvarsdóttir, fjármálastjóri
Stórhöfða 29
110 Reykjavík

Reykjavík, 28. júní 2019

Málsnúmer: 2019060025
Skjalalykill: 12.3.2

Málefni: Sendingargjald á erlendar póstsendingar

Með lögum nr. 23/2019 um breytingu á núgildandi lögum um pósthjónustu nr. 19/2002 var Íslandspósti ohf. (hér eftir ÍSP) veitt heimild til að leggja sérstakt gjald á viðtakendur erlendra póstsendinga hér á landi, sbr. 4. gr. laganna sem breyti 16. gr. gildandi laga. Jafnframt var sérstaklega tekið fram að óheimilt væri að sækja um framlög í jöfnunarsjóð alþjónustu vegna þessarar tegundar sendinga, sbr. t.d. ákvörðun PFS nr. 14/2019. Lagabreytingin verður því ekki skilin á annan hátt en að löggjafinn telji sig hér með vera að búa þannig um hnútana með þessum lagabreytingum en að ÍSP beri eða hafi allar þær forsendur samkvæmt lögum um pósthjónustu til að láta móttöku og dreifingu á erlendum sendingum standa undir sér.

Við meðferð málsins fyrir umhverfis- og samgöngunefndar var einnig komið inn því ákvæði að rekstrarleyfishafi skuli, að því er varðar gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga, gera Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár eigi síðar en fimm virkum dögum áður en hún tekur gildi. Almenna reglan í 16. gr. er að PFS geti krafist þess að rekstrarleyfishafi geri grein fyrir kostnaðargrundvelli gjaldskrár innan alþjónustu, sem er þá gert eftir á ef ástæða þykir til. Hér er hins vegar gert ráð fyrir að ÍSP skuli skila upplýsingum um gjaldið og rökstuðningi fyrirtækisins fyrir því fyrirfram. Samkvæmt orðanna hljóðan tekur þessi skylda rekstrarleyfishafa bæði til þess þegar gjaldskráin er tilkynnt í fyrsta sinn sem og til allra breytinga sem kunna að vera gerðar á henni síðar.

Með bréfi, dags. 16. maí 2019, tilkynnti ÍSP PFS með vísan til b. liðar, 4. gr. laga nr. 23/2019 um að fyrirtækið ætli að taka upp gjald á erlendar póstsendingar.

Í tilkynningu fyrirtækisins var m.a. upplýst að tap af erlendum sendingum væri 925 milljónir kr. ef miðað væri við árgreiðsluáðferð við útreikning kostnaðar. Jafnframt vísaði fyrirtækið til afkomulíkans ársins 2018 sem sent hafi verið PFS í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 313/2005, en þar væri að finna upplýsingar um kostnaðargrunn vegna þessara tilteknu sendinga.

Einnig vísaði ÍSP til skýrslu Copenhagen Economics um alþjónustubyrði pósthjónustu á Íslandi frá árinu 2018 en þar væri gert ráð fyrir að magn myndi dragast saman um 8-48 % mismikið á milli vöruflokka miðað við tiltekna hækkun á flutningskostnaði. Samkvæmt ÍSP og miðað við þær forsendur sem fyrirtækið gefur sér er það tap sem „dekka“ þarf með gjaldinu um 540 milljónir kr. á ársgrundvelli.

Í samræmi við ofangreint tók ÍSP upp tvenns konar sendingargjald sem skiptist á allar sendingar sem bera aðflutningsgjöld:

1. Sendingar frá löndum innan Evrópu 400 kr.
2. Sendingar frá löndum utan Evrópu 600 kr.

Samkvæmt skýringum ÍSP felst munurinn á gjaldi frá Evrópu og innan Evrópu í meðaltalsmun á tekjum samkvæmt samningum um endastöðvatekjur frá þessum svæðum. Miðað við þessar forsendur gerir ÍSP ráð fyrir því að tekjuauki félagsins vegna þessa verði um 500 milljónir kr. á ársgrundvelli.

Jafnframt tilkynnti ÍSP um að innheimta gjaldsins myndi hefjast 3. júní 2019. Fyrirtækið lagði einnig áherslu á að mikil óvissa ríkti um þann tekjuauka sem kann að verða vegna viðbótargjaldsins og að ekki væru fordæmi frá öðrum löndum um samskonar innheimtu viðbótargjalds og óvissa um hver áhrifin kunni að vera á magn, bæði til skamms og langs tíma. ÍSP telur því nauðsynlegt að endurskoða kostnaðargrunn og verð þegar reynsla hefur komist á fyrirkomulagið og gerir fyrirtækið ráð fyrir því að slík endurskoðun fari fram að 6-12 mánuðum liðnum þegar í ljós hefur komið hvort og hversu mikil magnmínkun verður og hvernig tekjur og kostnaður hefur þróast.

PFS sendi ÍSP tölvupóst, dags. 25. maí 2019, þar sem stofnunin óskaði eftir að ÍSP upplýsti nánar um þær forsendur sem liggja að baki hinni nýju gjaldskrá félagsins. Fundurinn var haldinn þann 4. júní sl. en á honum fór ÍSP munnlega yfir helstu forsendur gjaldskrárinnar. Í framhaldi af því sem farið var yfir á fundinum óskar PFS eftir nánari skýringum á eftirfarandi atriðum:

- Í rökstuðningi ÍSP er m.a. vísað með almennum hætti í kostnaðarbókhald félagsins, sem PFS hefur aðgang að vegna eftirlits með bókhaldslegum aðskilnaði. Nauðsynlegt er að ÍSP geri nánar grein fyrir þessu tapi sem og ástæðum þess og hvernig það birtist í kostnaðarbókhaldi félagsins. Almenn tilvísun í kostnaðarbókhaldið sem rök fyrir gjaldinu er hér ekki nægjanlegt.
- ÍSP skal gera ítarlega grein fyrir þeim endastöðvasamningum sem liggja til grundvallar gjaldinu í hverjum verðflokki fyrir sig.
- ÍSP afhendi PFS útreikninga félagsins vegna sendingargjalds á erlendum póstsendingum innan og utan Evrópu.
- Sundurliðað yfirlit yfir áætlaðan fjölda erlendra póstsendinga hvers vöruflokks innan og utan Evrópu.
- Annað sem ÍSP telur að skipti hér máli, s.s. röksemdir fyrir fjölda gjaldflokka.

Eins og vikið er hér að ofan er ekki lengur hægt að sækja um framlag úr jöfnunarsjóði alþjónustu vegna erlendra sendinga eftir að heimild til hins nýja gjalds var sett í lög. Af þessu verður ekki dregin önnur ályktun en að ætlast sé til þess að þessi hluti starfsemi ÍSP eigi að standa undir sér til framtíðar. Eins og ÍSP bendir réttilega á er einhver óvissa varðandi það hver áhrif hins nýja gjalds muni vera, t.d. varðandi eftirspurn. Gerir fyrirtækið því ráð fyrir að gjaldið sem og forsendur þess verði endurskoðað í ljósi reynslunnar. Mikilvægt er að stofnunin verði upplýst með reglubundnum hætti um hver áhrif hins nýja gjalds eru, t.d. varðandi magn og afkomu vöruflokksins. Stofnunin mun væntanlega upplýsa ráðuneytið um stöðuna á hverjum tíma, ef talin verður ástæða til.

Með vísun til ofangreinds er þess óskað að ofangreindar upplýsingar hafi borist stofnuninni í síðasta lagi þann 19. júlí nk.

Virðingarfyllt,



Friðrik Pétursson



Póst- og fjarskiptastofnun
b/t Friðriks Péturssonar
Suðurlandsbraut 4, 2.h,
108 Reykjavík

Reykjavík, 18. júlí 2019

Efni: Sendingargjald á erlendar póstsendingar

Samkvæmt bréfi dagsettu 28. júní 2019 hefur Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) óskað eftir nánari skýringum í nokkrum liðum á forsendum sem liggja að baki nýju sendingagjaldi sem Íslandspóstur (hér eftir ÍSP) hefur fengið heimild fyrir samkvæmt lögum nr. 23/2019 um breytingu á núgildandi lögum nr.19/2002 um póstpjónustu.

ÍSP og PFS hittust á fundi þann 4. júní síðastliðnum að ósk PFS þar sem farið var yfir forsendur og útreikninga sem byggðir eru á kostnaðarbókhaldi ásamt þeirri ákvörðun sem liggur á baki að hafa sendingargjaldið í tveimur flokkum þ.e. „Evrópa“ og „Utan Evrópu“.

Í fylgiskjali 1 má sjá uppbyggingu og forsendur sem notaðar voru við útreikningana. Gögnin sem stuðst er við eru úr kostnaðarlíkani vegna ársins 2018 sem ÍSP skilaði inn til PFS 1. mars s.l. í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda.

Stuðst var við magnið frá árinu 2018 og því skipt upp eftir hvort það væri tollað eða tollfrjálst. Stíllt var upp tveimur breytum sem hafa áhrif á spáð magn fyrir árið 2019.

- Áhrif sendingargjaldsins á magn fyrir hvern vörflokk sem byggt var á gögnum úr skýrslu Copenhagen Economics þ.e. 8% - 48%.
- Hlutfall sendinga sem fara í gegnum tollavinnslu.

Einingatekjur og –kostnaður var reiknað út frá því hvort sendingar færu í gegnum tollavinnslu eða væru tollfrjálsar og þessi gögn notuð til þess að reikna út heildarkostnað og – tekjur fyrir spá vegna ársins 2019. Útreikningar á kostnaði eru miðaðar við heildarkostnað, þ.e. með öllum sameiginlegum kostnaði.

Í fylgiskjali 2 eru útreikningar á hvernig tollað magn muni skiptast á milli flokkana Evrópa og Utan Evrópu fyrir áætlað magn 2019 þar sem stuðst var við upplýsingar um skiptingu frá árinu 2018.

Útreikningar á áætluðum tekjum vegna sendingagjalds er reiknað út frá áætluðu tolluðu magni og skiptinu á milli flokkana Evrópu og Utan Evrópu.

Við ákvörðunartöku um verðið á sendingargjaldinu voru meðalendastöðvatekjur í íslenskum krónum skoðaðar miðað við rekjanleg bréf eftir því hvort lönd væru innan eða utan UPU þar sem byggt var á upplýsingum um skráðar sendingar í fjölda og þyngdum út frá raungögnum frá nóvember 2017 – október 2018. Miða við gefnar forsendur á útreiknuðu magni 2019 þá má gera ráð fyrir að af

magninu sem fer í tollavinnslu verði rekjanleg bréf og því var stuðst við meðalendastöðvatekjur fyrir þá vöru við ákvörðun á gjaldinu.

Niðurstaða útreikninga:

Meðaltal ISK

Ekki UPU verð

UPU verð

Ákveðið var að byggja sendingargjaldið á vöruflokkunum Evrópa og Utan Evrópu þar sem sú skipting á löndum væri til staðar í tölvukerfum ÍSP til þess að nota við tekjufærslur og tengja við skráningar á sendingum. Einnig var talið að einfaldara væri fyrir starfsfólk að skilja og útskýra skiptinguna eftir landsvæðum fyrir viðskiptavini en eftir aðilalöndum að alþjóðlegum póstsamningum.

Staðan í dag

Byrjað var að rukka sendingargjaldið 3. júní sl. vegna allra sendinga sem bera aðflutningsgjöld.

| Tekjur 3.6 - 30.6.2019 | Tekjur | Fjöldi |
|------------------------------|--------|--------|
| Sendingargjald - Evrópa | | |
| Sendingargjald - Utan Evrópu | | |
| Samtals | | |

Íslandspóstur er að sjálfsögðu reiðubúinn til að veita frekari upplýsingar sem okkur er unnt varðandi framangreint og áskilur sér jafnframt rétt til að koma að frekar upplýsingum og gögnum reynist þörf á. Óskað er eftir að farið sé með tölulegar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Virðingarfyllst,

Sólveig Prastardóttir

Sólveig Prastardóttir,
Forstöðumaður greiningardeildar

Hjálagt:

Fylgiskjal 1: Spálíkan – 2019

Fylgiskjal 2: Áætlað tollað magn og tekjur 2019

PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

SUÐURLANDSBRAUT 4
108 REYKJAVÍK

Sími 510 1500 PÓSTUR PFS@PFS.IS
FAX 510 1509 VEFUR WWW.PFS.IS



Íslandspóstur ohf.
Sólveig Þrastardóttir
Stórhöfða 29
110 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2019

Málsnúmer: 2019060025
Skjalalykill: 12.3.2

Málefni: Sendingargjald á erlendar póstsendingar

Með bréfi dagsettu 18. júlí 2019 barst Póst- og fjarskiptastofnun svar frá Íslandspósti vegna bréfs stofnunarinnar dagsett 28. júní 2019 þar sem óskað var eftir skýringum á þeim forsendum sem liggja að baki hinni nýju gjaldskrá félagsins vegna gjalds á erlendar póstsendingar.

Póst- og fjarskiptastofnun hefur nú yfirfarið upplýsingar og gögn sem bárust stofnuninni og óskar eftir gögnum og nánari skýringum á neðangreindum atriðum:

- Tekjur og fjöldi sundurliðað per mánuð fyrir júní-október 2019 skipt eftir sendingargjald Evrópa og utan Evrópu. (Sjá meðf. excel skjal).
- Yfirlit yfir fjölda rekjanlegra bréfa frá útlöndum sundurliðað per mánuð frá janúar-október 2019 og janúar-desember 2018. (Sjá meðf. excel skjal).
- Afrit af excel skjali að baki útreikningum á fylgiskjali nr. 1 og 2.
- Afrit af excel skjali að baki útreikningum á meðaltals UPU og ekki UPU verð.

Ofangreind gögn þurfa að hafa borist stofnuninni eigi síðar en 15. nóvember nk.

Virðingarfyllst,

Óskar Þórðarson.



Póst- og fjarskiptastofnun
b/t Óskar Pétursson
Suðurlandsbraut 4, 2.h,
108 Reykjavík

Reykjavík, 15. nóvember 2019

Efni: Sendingargjald á erlendar póstsendingar

Samkvæmt bréfi dagsettu 5. nóvember 2019 hefur Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) óskað eftir nánari skýringum á forsendum sem liggja að baki nýju sendingagjaldi sem Íslandspóstur (hér eftir ÍSP) hefur fengið heimild fyrir samkvæmt lögum nr. 23/2019 um breytingu á núgildandi lögum nr.19/2002 um póstpjónustu.

ÍSP og PFS hittust á fundi þann 4. júní síðastliðnum að ósk PFS þar sem farið var yfir forsendur og útreikninga sem byggðir eru á kostnaðarbókhalda ásamt þeirri ákvörðun sem liggur á baki að hafa sendingargjaldið í tveimur flokkum þ.e. „Evrópa“ og „Utan Evrópu“. Í framhaldi barst ÍSP bréf frá PFS sem var svarað 18. júlí sl.

Í fylgiskjal 1 eru tvær töflur sem ÍSP bárust frá PFS þar sem beðið var um eftirfarandi upplýsingar:

- Tekjur og fjöldi sundurliðað per mánuð fyrir júní - október 2019 skipt eftir sendingargjald Evrópa og utan Evrópu.
- Yfirlit yfir fjölda rekjanlegra bréfa frá útlöndum sundurliðað per mánuð frá janúar – október 2019 og janúar – desember 2018.

Í fylgiskjali 2 er afrit af excel skjölum að baki útreikninga fyrir fylgiskjal 1 og 2 frá svari frá ÍSP dagsettu 18. júlí sl.

Í fylgiskjali 3 er afrit af excel skjali að baki útreikningum á meðtals UPU og ekki UPU verðum sem notast var við ákvörðun á sendingargjaldinu.

Niðurstaða útreikninga:

| |
|---------------------|
| Meðaltal ISK |
| Ekki UPU verð |
| UPU verð |

Íslandspóstur er að sjálfsögðu reiðubúinn til að veita frekari upplýsingar sem okkur er unnt varðandi framangreint og áskilur sér jafnframt rétt til að koma að frekar upplýsingum og gögnum reynist þörf á. Óskað er eftir að farið sé með tölulegar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Virðingarfyllst,

Sólveig Þrastardóttir,
Forstöðumaður greiningardeildar

Hjálagt:

Fylgiskjal 1: Excel skjal með upplýsingar um tekjur og magn.

Fylgiskjal 2: Excel skjal með grunn að útreikningum fyrir fylgiskjal 1 og 2 úr bréfi dagsettu 18. júlí sl.

Fylgiskjal 3: Excel skjal með grunnur að útreikningum vegna UPU og ekki UPU verð.